



Ástandsskoðun sprautusteypu í íslenskum veggöngum - Hvalfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng og Héðinsfjarðargöng - Áfangaskýrsla 1. Benedikt Óskar Steingrímsson, Guðbjartur Jón Einarsson, Matthías Loftsson og Freyr Pálsson. Mannvit hf. og Vegagerðin - mars 2022.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Rannsóknarverkefni þetta er styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Heiti verkefnisins er Ástandsskoðun sprautusteypu í jarðgöngum með tilliti til þykktar og væntanlegs líftíma. Í umsókn er tekið fram að fyrirhugað sé að skoða ástand sprautusteypu í 7 veggöngum, sem dreift yrði á tveggja ára tímabil.

Verkefnið felur í sér að kanna ástand sprautusteypu í íslenskum veggöngum með tilliti til aldurs, hrörnunar (öldrunar) og þykktar. Sýnatökustaðir voru valdir út frá jarðfræðilegum aðstæðum í göngum og áætlaðri þykkt sprautusteypunnar á hverjum stað. Einnig var skoðað hvar sýni hafa voru tekin áður og metið sérstaklega hvort æskilegt sé að taka sýni á ný á sömu slóðum til samanburðar við tilsvareandi rannsóknir, sem gerðar voru árin 2003-2005 (Hvalfjarðargöng).

Tilgangur verkefnisins er að ástandskanna hrörnun eða "öldrun" sprautusteypu við aðstæður í íslenskum göngum og með því að reyna að áætla líftíma sprautusteypunnar miðað við þykkt ásprautaðs lags.

Markmið rannsóknarinnar er að betrubæta hönnunarforsendur við val á þykkt ásprautaðrar steypu við sæmilegar til góðar jarðgangaaðstæður í nýjum veggöngum. Kannað verður við bæði þurrar og votar aðstæður og í göngum með mismunandi umferðarþunga (mengun í göngum)